

A 1876/presidiet

Afgreiðsla Forsætisnefnd

Forsætisnefnd forsætisnefndar um

**Þingmannatillögu  
um norrænt samstarf varðandi stefnu ESB í málefnum norðurslóða****Tillaga**

Forsætisnefnd leggur til að

Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

að efna til hringborðsumræðna með fulltrúum allra aðildarlanda Norðurlandaráðs, Þingmannaráðs norðurslóða (CPAR), Vestnorræna ráðsins og ESB-nefndum auk fulltrúa ríkisstjórnanna áður en ný norðurslóðastefna ESB kemur til framkvæmdar, að teknu fullu tilliti til valdheimilda Norðurskautsráðsins.

**Bakgrunnur**

Flokkahópur miðjumanna leggur til að

Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

að efna til hringborðsumræðna með fulltrúum allra aðildarlanda Norðurlandaráðs, Þingmannaráðs norðurslóða (CPAR), Vestnorræna ráðsins, ESB- og alþjóðanefnda þjóðþinganna auk fulltrúa ríkisstjórnanna áður en ný norðurslóðastefna ESB kemur til framkvæmdar.

Þingmannatillagan var til fyrstu afgreiðslu á fundi forsætisnefndar 28. júní 2021, þar sem undirstrikuð var þörfin á að Norðurlöndin stilltu betur saman strengi sína gagnvart ESB. *Slóð á þingmannatillöguna á norden.org:*

<https://www.norden.org/is/mal/thingmannatillaga-um-norraent-samstarf-vardandi-stefnu-esb-i-malefnum-nordursloda>

**Sjónarmið forsætisnefndar**

Forsætisnefnd telur að málefni norðurslóða séu afar mikilvæg, að sökum landfræðipólítískra breytinga og hlýnunar andrúmslofts sé brýn þörf á að bregðast við áskorunum sem íbúar og vistkerfi svæðisins standa frammi fyrir. Áskoranir eru af ýmsu tagi og eru því úrlausnarefni ólíkra vettvanga og stofnana. Í sumum tilvikum þurfa þrjú Norðurlandanna að taka tillit til valdsviðs ESB. Evrópusambandið er mikilvægur aðili og því er gagnlegt fyrir Norðurlöndin að stilla saman strengi sína gagnvart



sambandinu. Af sömu ástæðu eru Evrópusambandið og norðurslóðir áherslusvið í Stefnu Norðurlandaráðs í alþjóðamálum á árunum 2018–2022.

Forsætisnefnd er kunnugt um tilmæli (A 1550/præsídiet – tilmæli 3/2012) sem beint var til ríkisstjórna landanna árið 2012 um að mótuð yrði samnorræn stefna um málefni norðurslóða. Í nefndaráliti forsætisnefndar um tilmælin (D 2013) segir að Norðurlöndin hyggist ekki skapa norræna blokk innan Norðurskautsráðsins, enn fremur að norrænu ríkisstjórnirnar hafi hikað við að samhæfa aðgerðir sínar í málefnum norðurslóða.

Forsætisnefnd er kunnugt um að þrjú Norðurlandanna (Noregur, Danmörk og Svíþjóð) munu gegna formennsku í Norðurskautsráðinu í sex ár samfleytt þegar formennsku Rússlands lýkur vorið 2023. Forsætisnefnd telur gagnlegt að finna hljómgrunn fyrir samnorræn sjónarmið gagnvart þeim margvíslegu áskorunum sem blasa við á norðurslóðum, um leið og borin er virðing fyrir fullveldi þjóðríkja, hagsmunum, valdssviðum, svæðisbundnum mun og sjónarmiðum íbúa norðurslóða.

Norðurlandaráð tjáði sig í nóvember 2020 í opnu umsagnarferli ESB vegna endurskoðunar á norðurslóðastefnu sambandsins, t.a.m. óskina um leggja meiri áherslu á að norðurslóðir verði lágspennusvæði, á lífshætti íbúa norðurslóða, umhverfis- og loftslagsbreytingar og stjórnun náttúruauðlinda á norðurskautssvæðum.

Forsætisnefnd er kunnugt um að utanríkismálanefnd Evrópuþingsins (AFET) hefur ráðist í gerð skýrslu um norðurslóðir sem verður kynnt á þinginu í október (4.-7. eða 18.-21. október). Forsætisnefnd er einnig kunnugt um að ný norðurslóðastefna Evrópusambandsins verður kynnt – sem sameiginleg tilkynning Framkvæmdastjórnar ESB og sameiginlegrar utanríkisþjónustu sambandsins – dagana 5.-6. október 2021. Ályktun leiðtoga ráðs ESB er væntanleg fljótlega í kjölfar þess.

Forsætisnefnd gerir sér grein fyrir að ekki er hægt að ræða samnorræn viðhorf gagnvart ítökum ESB á norðurslóðum fyrr en ný stefna sambandsins hefur litið dagsins ljós og ályktun leiðtoga ráðsins liggur fyrir. Aftur á móti er hægt að hafa áhrif á framkvæmd norðurslóðastefnu ESB með því að leggja til aðgerðir sem gætu tryggt markmið í þágu við hagsmuni ESB og Norðurlandanna og í samræmi við gildandi markmið. Forsætisnefnd er kunnugt um að mörg Norðurlandanna hafa nýlega eða um nokkurt skeið unnið að endurskoðun eigin stefnur og ályktanir um málefni norðurslóða og ber að skoða norðurslóðastefnu ESB í ljósi umræddra stjórnáætla. Samstarfsáætlun Norrænu ráðherranefndarinnar um málefni norðurskautssvæðisins 2022-2024 skiptir einnig máli í þessu samhengi.

Forsætisnefndin telur gagnlegt að beina þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar að hún hefji umræður á norrænum vettvangi eða hringborðsumræðu með það fyrir augum að greina samnorræn sjónarmið gagnvart áriðandi og brýnum málefnum norðurslóða. Einnig hvernig gæta megi þessara hagsmuna á vettvangi ESB. Gagnlegt væri að þingmenn, ríkisstjórnafulltrúar og boðnir sérfræðingar tækju þátt í að varpa ljósi á tiltekin þemu og málefni.



Forsætisnefndin telur mikilvægt að eingöngu norrænir aðilar taki þátt í umræðunni. Þess vegna eigi fulltrúar Kanada, Rússlands og Bandaríkjanna í t.a.m. Norðurskautsráði og Þingmannaráði norðurslóða (CPAR) ekki að taka þátt í umræðunni. Gæta skal jafnvægis milli þingmanna, ríkisstjórnafulltrúa og embættismanna/sérfræðinga.

Forsætisnefndin telur að leggja beri áherslu á hið mikilvæga hlutverk Norðurskautsráðsins við undirbúning norrænna umræðna eða hringborðsumræðna og að sömuleiðis skuli leggja áherslu á að grunnreglur Ilulissat-yfirlýsingarinnar liggi til grundvallar samstarfi um málefni norðurslóða og að Færeyjar og Grænland skuli taka þátt í hringborðsumræðum.

Norðurlöndum 7. september 2021

Anders Eriksson (ÅF)  
Annette Lind (S)  
Bertel Haarder (V)  
Christian Juhl (EL)  
Erkki Tuomioja (sd)  
Gunilla Carlsson (S)  
Jouni Ovaska (cent)

Linda Modig (C)  
Magnus Ek (C)  
Martin Kolberg (A)  
Michael Tetzschner (H)  
Oddný G. Harðardóttir (Sf)  
Wille Rydman (saml)